

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Húsavík, 22. nóvember 2023

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt – 61. mál.

Samtök náttúrustofa lýsa yfir ánægju með megininntak þingsályktunartillögu um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt. Vernd, viðhald og endurheimt náttúrulegra vistkerfa á Íslandi er verkefni sem stöðugt þarf að sinna. Mikilvægt er að aðgerðir byggi á traustum vísindalegum grunni þannig að áhrif þeirra á kolefnisbindingu og öndun sé þekkt. Einnig er mikilvægt að aðgerðir séu metnar með tilliti til áhrifa á líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega þarf að forðast að dreifa framandi tegundunum sem eru eða kunna að reynast ágengar í íslenskri náttúru.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Þorkell Lindberg Þórarinnsson,
formaður SNS og forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands